

„STRÁKURINN ÚR SKOTHÚSINU“

sem hvortveggja fékkst, silki og hákarl. Það var hreint eins og að koma í fagað listasafn. Þar voru greinilega engir launpukursalar. Magnús varð einka eigandi verzlunarhússins 1925, en seiði hana og gerðist stórsali nokkru fyrir 1930.

Það varð eitt stærsta árið í lífi Magnúsar. Þá leysti hann mikið og erfitt verk einstaklega af höndum, þegar hann var ráðinn framkvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar. Hann sat 80 undirbúningsfundum með hátíðar-

víkur og rekið sænskt-íslenskt verzlunarfélag og veitt forstöðu innflytjendasambandi. Verið sænskur vice-konsull og vitanlega hlotið mörg heiðursmerki.

Ljónið og liljan.

Mörgum sérlega þjóðlega þenkjandi mönnum finnst ættarnöfn skadleg og stórhættuleg „tungu vorri og þjóðerni.“ Gáfumenn eins og Bjarni frá Vogu æptu sig hása af vandlættingu vegna öfugugga þessa

MAGNÚS KJARAN



Það virðist næstum tízka hér í landi, að lítt upplýstir blessaðir fjarðlingar meðal hinna ný-ríku stétta, sem náð hafa að safna nokkurri fjárhæð á landsvísu, eignist hugsjónir og hindurvitni. Þetta ágæta fólk sker sig úr af nokkrum einkennum: Gott úrtak þess má sjá við frumsýningar í þjóðleikhúsi, það sækir sínfóniutónleika, kaupir „merkt“ málverk þekktari listamanna og bækur í metratáli; sem sagt næsta fráleit og hlægileg iðkun listar og menntar yfirhöfuð.

Þó eru nokkrar fágætar og ágætar undantekningar frá reglu þessari: Þeir, sem iðka menntir sér til yndis

og nautnar og láta gott af sér leiða í menningarefnum, án þess að láta sérlega getið í dagblaði. Einn þessara hamingjukarla er tvímælalaust Magnús stórsali og fagurkeri Kjaran.

Magnús Kjaran fæddist 19. apríl 1890 í Vælugerði í Flóa. Foreldrar hans voru hjónin Sigríður Pálsdóttir hreppstjóra á Selalæk Guðmundssonar og Tómas Eyvindarsonar í Dúðu Jónssonar í Sauðtúni í Fljótshlíð Eyvindarsonar samastað. Magnús bjó við hina svörtustu fátækt í æsku. Ungur fluttist hann með foreldrum sínum til Reykjavíkur og bjó fjölskyldan í Skothúsinu, næsta við Melkot, sem nefnt hefur verið Brekkukot í annálum. Magnús gaf sig snemma að verzlunarstörfum, vann hjá Thomsen og stundaði praktískt verzlunarnám í 4 ár og sat í Verzlunarskólanum fyrsta starfsár hans. Hann heillaðist af ungmennafélagshugsjóninni og gaf henni síðar óvenjulega fyllingu í lífi sínu, eins og komið verður að. Þá var hann ágætur glímumaður, fór á erlenda grund og gekk að með festu og drenglyndi. Síðar á ævinni hefur hann leikið golf, haldið reiðhesta og siglt snekkju sinni.

Erfiðið og erindið.

Árið 1918 stofnaði hann verzlunina Liverpool með kappanum frækna, Sigurjóni á Álafossi. Letruðu þeir á veggj uppbyggileg hvatningarorð: „Hraust sál í hraustum líkama“ og ísmeygilegar auglýsingar: „Kaupirðu góðan hlut, þá mundi hvar þú fékkst hann.“ Verzlunin var mjög ólík krásargutlsverzlunum þeirra tíma, þar

nefndinni, útbjó leiðbeiningabækling handa gestum, sá fyrir stóru sem smáu, háum sem lágum, og „reyndist hinn ágætasti samstarfsmaður og liðtækur sem best mátti á kjósa“ segir í vitnisburði próf. Magnúsar Jónssonar í riti um hátíðina. Ásgeir Ásgeirsson, þáv. forseti Alþingis, kvað starf Magnúsar hafa verið „brekuvirki.“ Ekkert mátti vera skorið við nögl: 30 000 manns höfðu dagadöl á öbyggðu plássi, þá alljarri höfuðborg; þar með kóngur og tignir gestir hvaðanæva, auk herskara almúga og ofursmárrar íslenskrar yfirstéttar. Fyrir starf sitt varð Magnús landsþekktur og ukust viðskipti stórsölu hans.

Árið 1928 var Magnús kosinn í bæjarstjórn fyrir lhaldið. Ekki úlentist hann þar, enda slíkur smábarningur sennilega ekki við hans hæfi. Þeir Ólafur Friðriksson voru andstæðingar við bæjarstjórnarkosningar. Herma munnmæli hið helsta, sem Ólafur sagði Magnúsi til hnjóðs, að hann væri, eins og sr. Brynjólfur á Ólafsvöllum sagði um konu sína, að hún væri frá Vælugerði í Flóa, og ekki einu sinni hreppstjóri í ættinni! Mun Ólafur þó hafa hagrætt sannleikanum ofurlítið. Eins og að ofan greinir. Magnúsi hefði hæft betur ráðherra-stóll menningarmála og áreiðanlega verið flestum riflegri á fé til andlegrar starfsemi.


Þá hefur hann setið í nefndum og ráðum. Verzlunarráði Íslands, verið formaður skólanefndar Verzlunarskólans, í stjórn Stórsalafélagsins og Rauðakrossins. Verið framkvæmdastjóri bakarameistarafélags Reykja-

í tungunni. En ættarnöfn geta farið vel í málinu; hæglega verið einskonar endurvakning næstum glataðra fornryða. Þannig er ættarnafnið Kjaran. Í Sturlungu segir frá þrælum Kjaran, sem varðveitti bú Geirmundar heljarskins í Kjaransvík vestur og hafði 12 þræla undir sér. Kjaran er írskt að uppruna, eins og Kvaran, en þjóðir þó ekki skór. Væri betur, að fleiri tækju upp jafn gild orð sem Kjaran.

Magnús Kjaran er stofnandi og æðstiprestur Ljóna-klúbbanna og hafa þeir komið mörgu góðu til leiðar. Þar eta menn ekki og drekka eingöngu sér til yndis og útgjalda, heldur styrkja þeir um leið þá, sem bágt eru staddir í þjóðfélaginu. Hafa þeir ljóns-menn lagt mikið að mörkuðu til fávita hjálpar, einhverrar brýnustu nauðsynjar, sem lengst hefur verið skammarlega vanrækt hérlendis. Venjulega eru haldin erindi eða fyrirlestrar um þörf málefni á borðfundum félaganna. Þar flutti Magnús m. a. eitt sinn erindi um Ljúpu Eysteins munks, „gimstein íslenskrar andagiftar og ljóðalistar.“ Kemur þar glögglega fram fræðimanns- og visindahæfni Magnúsar. Hann hefur kynnt sér efnis mjög rækilega, eignast flestar útgáfunar sjálfur, en kannað þær allar. Í þessu stutta erindi kemur skýrt í ljós skyggni Magnúsar og óvenjuleg þekking á heilandi viðfangsefni, sem tekið hefur hug hans fanginn.

Þá er maðurinn einhver tryggasti ljóðvinur íslenskrar. Hefur hann safnað sér frábærum kosti ljóðabóka og gengur auk þess með ofurlitla delli út af tölusetningu; nefnilega númer

Bókmerki Magnúsar Kjaran



1, eða svo lágt sem unnt er. Geldur hann gjarna skringihátt verð fyrir slíka gripi. En líka á hann einstaklega vandað val beztu bókmennta, einnig tímarit og blöð. Er bókasafn hans eitt bezta einkasafn hér á landi.

Undir feldinum.

Ekki má gleyma einhverju maka-lausasta uppátæki stórsalans. Það er nefnilega dæmalaus verknaður og framkvæmd á fárra færi. Hann réðist semsé í það stórvirkni að rita ævisögu sína, látum það vera, en lét þrykkja hana í einu eintaki, myndskreyta og síðan gaf hann Birgi syni sínum bókina fertugum. Fyrir nokkrum árum las hann kafla úr henni í útvarp á frídegi verzlunarmanna og er það eitthvert ómengaðasta efni, sem þar hefur flotið á fjörur. Stórsalanum er nefnilega svo í löfa lagið að tjá sig í rituðu máli, hann er ágætur stílisti og skrifar gott, óskrúfað mál. Tækifærissæður hans eru heldur flotkennari, þá ræður hann ekki við hugarflug sitt og þekkingu og greinir ekki alltaf aðalatriði rétt frá skemmtilegum fróðleikskornum. Þetta bendir til margskiptingar í eðli mannsins. Hann er farsæll kaupahéðinn og sérlega heiðarlegur í viðskiptum, en viðkvæmur hið innra og hefði sennilega kosið rýmri tíma til hugðariðkana. Þetta kemur berlega fram í bókaútgáfu þeirra feðganna. Í stríðslokinn settu þeir á stofn Bókfallsútgáfunna, arðvænlegt fyrirtæki á þeim tímum og sívaxandi útgáfufyrirtæki. Ævisögur landstólpa, endurnirningar hagalna og athafnamanna, bréfasöfn og viðtalsöfn, nú síðast eftir Valtý ritstjóra og kemur þriðja bindi þeirra á markaðinn innan skamms. Áhugamál Magnúsar skína greinilega út úr mörgu bókaavali útgáfunnar, enda er hann galinn af áhuga á öllu fólki, lífandi og dauðu. Hann hefur bókstaflega þrælstúderað úmis hin merkari og lítt ræktu skáld, svo sem Hannes Hafstein og kann ógrynni af kvæðum hans og undramargt í kringum flest þeirra. Hann hefur líka yndi af máláralist og oft hefur hann gefið síðasta stórféð sitt fyrir málverk eftir Kjarval, enda segir sá mæri meistari: „Hann er gáfubastur af okkur öllum, hafðu það eftir mér, já hann er miklu gáfadri en við allir saman.“

Fylling hugsjónar.

Magnús Kjaran var einn tryggasti stuðningsmaður Asgeirs Asgeirssonar við forsetakjörið. Honum varð að ósk sinni, en þrátt fyrir hita bardagans og óndverða afstöðu eigin flokks, heldur hann samri vináttu við Ólaf Thors og jarlinn í Sigtúnunum. Eftir kosningarnar hefur hann jafnan skipað námustu hirð forsetans með miklum sóma. Þannig er líka með gamla baráttufélaga úr ungmennafélagshreyfingunni. Hann hefur haldið vináttu þeirra óskertri, þrátt fyrir viðskilnað og öldurót breyttra tíma. Sennilega stafar það meðfram af því, að hann hefur alla tíð verið sveinhuga próblembarnið í hópnum, án þess hann hafi nokkurn tíma verið vandræðabarn. En hann hefur gert annað, sem fáir hafa sennilega veitt athygli, en er þó sérlega athygli vert: Ismeygilega og þó algjörlega heiðarlega og sennilega óafvitandi, hefur hann gert Ljónahreyfinguna hér á landi að mikili því sama, sem ungmennafélagshélgiljan var fyrir aldamótakynslóðina. Þeir Ljónsmenn gróðursetja að vísu ekki trjáplöntur, en hafa stundum ölföng á samkomum sínum, en þeir hafa víða sáð og það fræ ber tvímælalaust góðan ávöxt. Það er dálítið sniðugt að selja mönnum dýrar veitingar og taka lögg í glasi, reifa þörf og nýtsöm málefni og verja síðan ágóða til beinna líknarstarfa, til þeirra, sem Framh. á bls 33

VIÐ MÓÐURKNE

Allir foreldrar eiga sér einhverja uppeldishugsjón. Þau ætla sér að ala barnið upp til þess að verða mikill maður og góður. — Uppeldishugsjónin er með ofur litið mismunandi blæ — eftir lífsreynslu og persónulegum sjónarmiðum foreldra, en ævinlega markast hún af þeim einlæga vilja að veita hæfileikum barnsins sem best skilyrði til þroska og búa það undir þróttmikið og farsælt ævistarf. Þessi menntunarviðleitni er hverju foreldri svo í blöð borin, að því finnst það sjálft biða skipsbrot, ef barni þess mistekst verulega að ná markinu.

Það er því oft með hálfum huga, að foreldrar senda barn sitt í skóla — undir framandi uppeldisáhrif. Þau óttast, að kennarinn kunni að setja barni þeirra annað og lægra keppimark, að hann vanmeti hæfileika þess og jafnvel vanræki þá. Af þessari tortryggni þetta oft ómildir dómur í garð kennarans, ef foreldrum þykir uppeldi barnsins verða erfiðara og tvisýnna en þau gerðu ráð fyrir upphaflega. Samt eru foreldrar yfirleitt samþykkir hlutdeild kennarans í uppeldinu, bæði af því, að hann léttir af þeim tímafrekum þætti þess, fræðslunni, og barnið sjálft vill fylgjast með jafnöldrum sínum í skólanum eins og í leikjunum.

En góður skal kennarinn vera! Mörgu foreldri þykir barn sitt ekki hafa verið nógu heppið með kennarann, jafnvel að það hafi orðið fyrir órétti í því efni. — „Kennarinn, sem ekki kann að meta afburðahæfileika míns barns, getur ekki verið starfi sínu vaxinn“. Vegna þessa hugsunarháttar eru foreldrar barna, sem ekki uppfylla vonir þeirra um afrek í námi, í sífelldri leit



Dr. Matthias Jónasson

Togstreitan um æskuna

að hinum fullkomna kennara. Slikan kennara verðskuldar barnið að fá, og hann hlyti að geta leitt það árekstralaust til þess manndómsþroska, sem foreldrarinn vænta sér því til handa.

ANNARLEGAR RADDIR

Upp úr þessum vondjörfu hugleiðingum hrökkva margir foreldrar harkalega. Í hátterni, óskum og athöfnum barnsins fer ýmislegt að koma fram, sem þau kannast ekki við. Hjá því vaknar fíkn og ástríða í margt, sem foreldrarinn varast, — öfl, sem þau geta ekki gert sér grein fyrir, virðast hafa sterk tök á barninu, það festir með sér lífsstefnu, sem er andstæð viðhorfi foreldra. Vonsviknir verða foreldrarinnir að játa, að þau hafa misst tök á barninu, löngu áður en það er fært um að ráða fyrir sér sjálft.


Hvernig má slíkt gerast? — Hvaða raddir eru það, sem kalla barnið burt frá móðurknjúm og snúa hug þess frá handleiðslu foreldra?

Foreldrar, sem verða fyrir þessari reynslu, hafa vaðið í villu um þær uppeldisástæður, sem þeir búa við. Mannlegt samfélag er margþætt, flókið og fullt af hörðum andstæðum. Því fer mjög fjarri, að áhrif foreldra séu yfirgnæfandi í uppeldi barnsins, einkum eftir að það fer í skóla og kemst á unglingsaldur. Gegnum félag þess í skólanum og á leiksvæð-

unum, fordæmi kunningja, hinn dulda áróður í bókum, blöðum, útvarpi, kvikmyndum og verzlun streyma yfir barnið og unglínginn áhrif, sem það kemst ekki undan, en verður að bregðast við á einhvern hátt. En þessi margvislegu og innbyrðis andstæðu áhrif beina barninu oft í gagnstæða átt við áhrif foreldra.

Því hefur oft verið haldið fram, að áhrifin, sem barnið verður fyrir fyrstu sex árin, ráði öllu um persónulegan þroska þess. Á þessum aldri eru flest börn í umsjá foreldra sinna, svo að uppeldinu ætti þar með að vera borgið. Svo er þó ekki. Uppeldislegt mikilvægi frumberskunnar ber miklu fremur að skilja þannig, að villur og ágallar í uppeldi mjög ungra barna verða venjulega afar örlagaríkar. En hvert skeið uppvaxtaráranna telur í sér sína sérstöku erfið-

Framh. á bls. 33



Allir foreldrar ætla sér að ala börn sín up til þess að verða farsælt og gott fóll.

Á VÍÐ OG DREIF

Framh. af bls. 7.

Þrátt fyrir það að hann hafði, eins og fyrr er frá sagt, þótt verða fyrir óréttlæti af hendi sovétstjórnarinnar, var hann alltaf allróttækur í stjórnmalaskoðunum, enda var hann vel lesinn í Marx og Tolstoj. Þegar sem skólapiltur í Rússlandi skipulagði hann leynilega byltingarnefnd meðal skólafélaga sinna og notaði vegabréf sitt til þess að fara til Sviss og smygla heim bannfærðum eintökum of bolsévika-dagblaði, sem Lenin gaf út í Genf.

Þegar hann kom til Bandaríkjanna árið 1922, reyndi hann að fá starf við kennslu í heimspeki og þjóðfélagsfræði, en það tókst ekki. Þá reyndi hann að selja kol, en ekki tókst það. Hann reyndi að selja kaffi, en það heppnaðist eigi heldur. Að lokum kenndi hann hópi sósíalista franskar bókmennir í einkatímum og skipulagði jafnframt hljótleika fyrir bróður sinn, sem lék á fiðlu.

Í þann tíð hvarflaði ekki að honum að kenna bridge, enda var hann þá lélegur bridge-spilari, þótt hann væri fjandanu mþrarrí. Hann spurði svo margra spurninga og rannsakaði svo mörg spil að lokinni umferð, að menn urðu hundleiðir á honum og neituðu að spila við hann. Hann las bækur um bridge, en þær komu að litlu haldi, svo að hann hóf að semja bók um þetta efni sjálfur. Með árunum skrifaði hann fimm bækur um bridge. — En sá var galli á gjöf Njarðar, að þær voru einskis virði. Honum var þetta ljóst og reif því handritin, áður en þau fóru til prentunar. En bækurnar, sem hann skrifaði síðar, hafa verið þýddar á fjölda tungumála og seld af þeim um milljón eintök. Ein bóka hans hefur meira að segja verið skráð með blindralettri, svo að blint fólk geti bætt spilamennsku sína í bridge.

Culbertson kom fyrst til Bandaríkjanna árið 1910. Móðir hans, sem var rússnesk, sendi hann þangað, því að hún vildi, að hann stundaði nám við Yaleháskólann. En hann féll á inntökuprófi, — féll af því, að hann var ekki nógu vel að sér í ensku.

Þetta var í sannleika furðulegt. Hann var bandarískur ríkisborgari. Hann kundi sögu Bandaríkjanna spjaldanna á milli. Hann talaði rússnesku, þýzku, frönsku, spænsku og ítölsku. En hann féll á enskunn. Hann sneri því baki að Yale og reikaði norður til Kanada og fékk vinnu sem tímavörður hjá verkamönnum, sem voru að leggja járnbraut. Þá kom sósíalistinn upp í honum. Af feiknamælsku sagði hann þeim, að þeir væru beittir svikum og kaup þeirra væri allt of lágt og svo arðrænda búðir járnbrautarfélagsins þá. Hann kom af stað óánægju og skipulagði verkfall og var auðvitað rekinn úr þjónustu járnbrautarfélagsins fyrir vikið!

Þá labbaði hann tvö hundruð mílur til næstu borgar og komst einhvern veginn út að Kyrrahafsströnd í félagsskap flækinga, stal sér fari með vöruflutningalestum og baðst beininga bakdyra megin, þegar hann var fótgangandi.

Það er því engan veginn loku fyrir það skotið, að einhverjar kvenna þeirra, sem nú spila Culbertsonskerfið í bridge, hafi vikið brauðsneið og kaffisopa að Ely Culbertson — bakdyra megin.

ÞÚ OG BARNIÐ ÞITT

Framh. af bls. 9.

leika, og aðgerðir á einhverju öðru skeiði geta aldrei komið fyllilega í veg fyrir þá né bætt úr mistökum í sambandi við þá.

GRÓÐAFÍKN OG ÁRÓÐUR

Í samfélaginu bærast öfl, sem móta barn og ungling leynt og ljóst á annan veg en fyrir foreldrunum vakir. Fyrst ber að nefna þau, sem lita á æskuna sem gullnámu, er lofi miklum gróða. Uppeldismarkmið þeirra er náskýlt markmiði dýratemjarans: Að þjálfa hæfileika, sem gefa af sér peninga. Sá, sem gera vill æskuna að síhungruðum markaði, hann reynir fyrst og fremst að vekja hjá henni þarfir, venja hana á kostnaðarsamar nautnir og ástriður. Alla aðra þætti í eðli ungmennisins lætur hann þoka fyrir þessu sjónarmiði.

Æskan er ekki aðeins markaður fyrir vörur, heldur einnig fyrir skoðanir. Áhangendur færa foringjum völd, og næst á eftir pengingum eru völd mest eftirsótt af veraldlegum gæðum. Því eru andstæðar skoðanir í æðisgengnu kapphlaupi um hylli æskunnar, og til þess að skeyta áróðursmenn hennar því engu, hvort unglingurinn hefur þroska til að skilja boðskap þeirra og mynda sér rökstudda sannfæringu um hann eða hvort þeir fremja andlegt ofbeldi á honum.

Í nútímapjóðfélagi er æskan umsetin af góðum og illum öflum, sem vilja móta hana, hvert eftir sínum hag. Stórfelldar byltingar í samfélagsháttum hafa svipt foreldra þeirri sterku uppeldisaðstöðu, sem afar þeirra og ömmur höfðu. Nú brjófast framandi áhrif stöðugt inn í uppeldisstarf foreldra. Í góðu uppeldisstarfi nú á dögum þurfa foreldrar að hafa yfirsýn yfir þessi áhrif, kunna að meta þau og sjá við þeim.

ALDARSPEGILL

Framh. af bls. 9.

rikasta hafa þörfina. Það er nokkuð dæmigert fyrir Magnús Kjaran, að einmitt hann skyldi gangast fyrir stofnun þessara félaga hér á landi.

Bindindisfremd er gustuk fjarri anda Magnúsar Kjaran. Hann er enginn meinvættamaður í lifnaði, kann vel að meta gildi hóflegra nautna og iðkar þá engan sleiturlegan dárskap. Þegar gufurnar leita til efri byggðanna kemur fátæki innanbúðarstrákurinn í Skothúsínu til sögunnar og glímur við heimsborgarann og sjentilmanninn. Samt leggur hann í engin stórvirki og lætur annarra lönd óskert, því hann veit af langri lífsreynslu að vit er ávallt verði betra.

Því skal hann fá þann ágæsta forna vitnisburð, sem heir einir hljóta, sem góðir eru til líðveizlu og enginn ber óverðugun á brún með nokkrum sanni: Hann er drengur góður.



Höfum ávallt til fjölbreytt
úrval af

GÍTURUM

Viðurkennt vörumerki

Útvegum einnig og seljum
allar tegundir hljóðfæra

EINKAUMBODSMENN:

LIGNA

Hljóðfærav. Sigríðar Helgadóttur

Vesturvegur — Reykjavík — Sími: 11215.

NIVEA

Áður en þér gangið til hvílu...



Til þess að vernda húð yðar

ættuð þér að verja nokkrum mínútum á hverju kveldi til að snyrta andlit yðar og hendur með Nivea-kremi. Það hressir, styrkir og sléttir andlitshúðina og hendurnar verða mjúkar og fallegar. Nivea-krem hefir inni að halda euzerit, sem er skylt eðlilegri húðfitu. Þess vegna gengur það djúpt inn í húðina, og hefir áhrif langt inn fyrir yfirborð hörundsins. Þess vegna er Nivea-krem svo gott fyrir húðina.